

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

Kirkjufellsfoss.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 22. maí 2018, deiliskipulag Kirkjufellsfoss. Deiliskipulagið tekur til um 10,5 ha svæðis umhverfis fossinn. Innan marka deiliskipulagssvæðisins er gert ráð fyrir bílastæði, gönguleiðum, upplýsingaskiltum, áningarstað og salernisaðstöðu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Áfangastaðar við Kolgrafafjörð.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 22. maí 2018, deiliskipulag áfangastaðar við Kolgrafafjörð. Á áfangastað er gert ráð fyrir útsýnispalli á grjótvarnargarði, svæði til áningar ásamt salernisaðstöðu. Á áfangastað verða upplýsingaskilti um nánasta umhverfi, náttúru svæðisins og nærliggjandi þjónustu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 20. júní 2018.

Þorsteinn Steinsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2018